



**Skýrsla stjórnar  
PGA á Íslandi  
fyrir starfsárið 2016**



## Skýrsla stjórnar PGA á Íslandi fyrir starfsárið 2016

### Stjórn PGA á tímabilinu skipuðu eftirtalin:

Hlynur Geir Hjartarson	<i>Formaður</i>
Davíð Gunnlaugsson	<i>Ritari</i>
Andrea Ásgrímsdóttir	<i>Fræðslumál</i>
Nökkvi Gunnarsson	<i>Mótamál</i>
Helgi Anton Eiríksson	<i>Gjaldkeri</i>

### Varamenn í stjórn:

Birgir Leifur Hafþórsson  
Hulda Birna Baldursdóttir

Stjórnarfundir voru 8 talsins og að auki voru samfélagsmiðlar og tölvupóstar notaðir töluvert mikið í samskiptum og ákvörðunum.

Félagafjöldi í PGA eru 70. Þar af eru 54 fullgildir golfkennarar, 9 atvinnukylfingar, 2 nemar og 5 meðlimir með aukaaðild.

Andrea Ásgrímsdóttir tók við starfi framkvæmdarstjóra PGA á vormánuðum, en um samstarfsverkefni við GSÍ er um að ræða. Andrea er í 50 % starfi sem framkvæmdarstjóri, skólastjóri Golfkennaraskóla PGA. Andrea er síðan í 50% starfi sem mótastjóri GSÍ.

Andrea tók við af Agnari Jónssyni sem starfaði fyrir PGA í 8 ár. Það má með sanni segja að Andrea tók við góðu búi. Við í stjórn PGA þökkum Agnari fyrir frábær störf.

### Það helsta í starfi PGA á árinu:

#### Endurmenntun:

##### PGA í Danmörku

5 PGA meðlimir heimsóttu félag okkar í PGA í Danmörku og sátu þar þriggja daga fyrirlestra sem var ágætt, en misjafnar skoðanir voru með fyrirlesara í ár.

### Liam Mucklow

Liam Mucklow, högglangdarþjálfari hjá Titleist Performance Institute og stofnandi The Golf lab var einnig með fyrirlestur um nýjustu tækni í golfþjálfun og hvernig auka má högglangd.

### Haustþing PGA

Haustþing PGA á Íslandi fór fram dagana 23. – 25. september á Selfossi og var mæting góð hjá félagsmönnum. Dagskráin var fjölbreytt og farið var yfir ýmis mál sem koma inn á borð golfþjálfara á Íslandi. PGA kennarar fóru einnig yfir áhugaverða hluti úti á æfingasvæðinu með félagsmönnum. Haustþing PGA hefur á undanförunum árum fest sig í sessi sem fastur liður í starfi félagsins. Á þinginu eru málin rædd og nýjungar kynntar. Það er mikill áhugi hjá félagsmönnum að hittast á þessum árstíma, efla liðsheildina og við að sér enn meiri þekkingu hvað varðar almenna golfkennslu og þjálfun afrekskyllfinga. Virkilega gaman að sjá hvað við eigum orðið vel menntaða og góða kennara. Nokkuð góð þátttaka var á þinginu en 23 PGA kennarar mættu á Selfoss. Stjórn PGA þakkar öllum þeim sem sáu um kennsluna kærlega fyrir og félagsmönnum fyrir að taka þátt.



### **David og Agnar heiðraðir**

David Barnwell er einn af frumherjunum í þessu fagi og var til að mynda einn af þeim sem kom að stofnun PGA samtakanna á Íslandi. David hefur komið við sögu í árangri margra af okkar fremstu afrekskyllfingum og hefur á undanförunum árum verið kjölfestan í öfluglu afreksstarfi hjá Golfklúbbi Reykjavíkur. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir PGA á Íslandi að hafa slíkan aðila sem býr yfir langri reynslu úr faginu.

Agnar Már Jónsson var lengi framkvæmdastjóri félagsins en lét af störfum síðastliðinn vetur. Agnar hefur með dugnaði sínum á undanförunum misserum hjálpað félaginu gífurlega. Hann er mikilvægur hlekkur í því að félagið er á þeim stað sem það er í dag.



## Greinar í *Golf á Íslandi*

PGA á Íslandi hefur staðið fyrir greinaskrifum í *Golf Á Íslandi* frá árinu 2010. Þetta samstarf hefur gengið vel og PGA var með greinar um golf og golfkennslu í öllum blöðum á árinu 2016 og viljum við þakka greinaskrifurum fyrir. Þessi skrif eru mikilvægur liður í því að halda félaginu okkar á lofti og kynna félagsmenn, merkið okkar og fyrir hvað við stöndum. Frekar erfitt hefur verið að fá PGA meðlimi til að skrifa í þetta flotta blað, en það er von stjórnar að PGA meðlimir verði duglegri á þessu ári, sérstaklega þegar það skiptir okkur miklu máli vegna nýs samnings við GSÍ.

## Samstarf PGA og GSÍ

Samstarf PGA og GSÍ hefur verið gott síðustu árin og er það von stjórnar PGA að samstarfið verði enn betra næstu árin. PGA og GSÍ fóru í samstarf með sameiginlegan starfsmann og hefur það gengið vel. Á aðalfundi PGA 21. janúar verður skrifað undir nýjan samning við GSÍ sem gildir til þriggja ára. Þetta er mikilvægur samningur fyrir félagið.

## Stelpugolf

Stelpugolfið hefur fest sig í sessi sem eitt af vorverkefnum félagsins. Markmiðið er að stuðla að aukinni þátttöku kvenna í golfi og auka fjölskyldumynd golfíþróttarinnar. Árið 2016 var Stelpugolf haldið þann 16. maí í GKG að venju og tókst í alla staði mjög vel. Í boði var kennsla í púttum, vippum, löngum höggum o.fl. Það voru u.þ.b. 600 konur á öllum aldri sem mættu og tóku þátt. 12 PGA kennarar komu að kennslunni og þökkum við þeim kærlega fyrir þeirra aðkomu að þessu verkefni því án þeirra væri þetta einfaldlega ekki hægt. Svo þökkum við að sjálfsögðu öllum konunum fyrir komuna og styrktaraðilum fyrir þeirra þátt.

Þess ber einnig að geta að verkefnið fékk styrk frá Íþrótt- og tólmstundaráði Garðabæjar en tilgangur sjóðsins er að styrkja og efla íþróttir kvenna í Garðabæ.

## PGA junior golf

PGA á Íslandi kynnti PGA unglíngagolf fyrir meðlimum á síðasta aðalfundi félagsins sem fram fór í febrúar. Hugmyndin er að gera golfið skemmtilegra og félagsvænna. PGA unglíngagolf er *litla deildin með stóra hjartað*, sem gefur krökkum, 15 ára og yngri möguleika á að spila golf með vinum sínum óháð getu, í vel skipulagðri deild, án pressunar sem fylgir einstaklingskeppni á borð við höggleik. PGA kennarinn ber ábyrgð á að skapa þá stemningu sem að framan er lýst. PGA unglíngagolf á að vera skemmtilegt, hannað til að lágmarka reglur og um leið hámarka skemmtanagildið. Með ofangreindum hætti fjölgum við þátttakendum í PGA unglíngagolfi á hverju ári og aukum þannig vægi golfíþróttarinnar á

Íslandi. PGA junior golf átti sér stað í fyrsta skipti í ár. Þetta verkefni er frábær leið til að koma krökkum í golfið og til að kynna þeim keppnisgolf án þess að keppni sé of mikil. Markmið PGA junior golf er að hafa gaman saman og reyna mynda liðsstemningu. Lýsi styrkti okkur til þessa verkefnis og færum við þeim okkar bestu þakkir fyrir. Golfklúbbar sem tóku þátt voru: GA, GSS, GHD, GOS, NK, GR, GKG, GK, GM og GO. Það er von okkar að enn fleiri klúbbar taki þátt næsta sumar.

## Mótamál

### Samsung mótaröðin

Mótin fóru fram með svipuðu sniði og áður undir dyggri stjórn Nökkva Gunnarssonar. Haldin voru fimm mót á þessu ári og gáfu þau stig til stigalista PGA á Íslandi. Við þökkum Samsung vel fyrir þeirra styrk og samstarf.

### PGA meistarinn

PGA meistarinn var sá PGA meðlimur sem spilaði best á Íslandsmótinu í höggleik, en PGA meistarinn og jafnframt Íslandsmeistari 2016 var Ólafía Þórunn Kristinsdóttir og óskum við henni innilega til hamingju með þessa flottu titla.

Fimm efstu kylfingarnir á stigalista mótaraðarinnar voru eftirtaldir:

Sæti	Nafn	Stig
1	Björgvin Sigurbergsson	3150
2	Heiðar Davíð Bragason	1950
3	Sigurpáll Geir Sveinsson	1770
4	Hlynur Geir Hjartarson	1590
5	Magnús Birgisson	1308

Mótin fóru fram á GHR, GS, GA GR og GKG og færum við þeim klúbbum kærar þakkir fyrir afnotin af vellinum.

### PRO AM

PGA á Íslandi hélt hið árlega Pro-Am mót í GKG en mótið er einnig hluti af mótaröðinni okkar. Mótið fór fram 7. september og heppnaðist einstaklega vel. Við fengum 19 fyrirtæki til að taka þátt og enn fleiri styrktu okkur með einum eða öðrum hætti. Þetta mót er orðið fastur liður í starfsemi PGA á Íslandi og einn stærsti tekjupóstur félagsins.

Það ber að þakka þeim félagsmönnum sem komu og gerðu daginn skemmtilegan og lærdómsríkann fyrir áhugamennina.

## Að lokum

Frábær árangur stelpnanna okkar Ólafíu Þórunnar og Valdísar Þóru hefur vakið verðskuldaða athygli en Ólafía tryggði sér þátttökurétt í LPGA og Valdís á Evrópumótaröðinni. Mikill fjöldi Íslendinga fylgdist með þeim og hefur íþróttin hlotið mikla athygli fyrir vikið, jafnvel frá fólki sem spilar ekki golf. Frábært hjá þeim og frábært fyrir golfíþróttina. Innilegar hamingjuóskir til þeirra og það verður virkilega gaman að fylgjast með þeim á þessu ári.

Með golfkveðju,

*Hlynur Geir Hjartarson,  
formaður PGA á Íslandi*